

Reykjavík, 11. janúar 2019

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess (mál 409)

UMFÍ fagnar þeim skrefum sem framundan eru og geta leitt til þess að gripið verði til aðgerða gegn öllum birtingarmyndum ofbeldis og afleiðingum þess til langframa. Ef vel er á málum haldið mun Ísland án nokkurs vafa verða fyrirmynd annarra í þessum málum.

Á sama tíma og UMFÍ fagnar því að frumvarpið lítur loksins dagsins ljós þá hörmum við hversu löng vegferðin hefur verið. Eins og fram kemur í greinargerð með ályktuninni undirrituðu Eygló Harðardóttir, þá félagsmálaráðherra, og fleiri samstarfsyfirlýsingu um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Þá var stofnaður stýrihópur sumarið 2015 sem hafa átti umsjón með starfi og vinna áætlunina. Það eru að líða fjögur ár síðan þetta var. UMFÍ bindur vonir við að nú þegar þingsályktunin hefur litið dagsins ljós að afgangi þess og næstu skref verði mun styttri. Það skiptir máli að vinna málið hratt og vel svo hægt verði að svipta hulunni af birtingu ofbeldis í öllum myndum, fræða bæði gerendur og þolendur og hlúa að þeim báðum.

Það er samfélaginu til góða.

Vinum saman gegn ofbeldinu

UMFÍ er sammála því sem segir í þingsályktuninni að ofbeldi sé alvarlegt þjóðfélagsmein sem vinna þarf gegn með öllum tiltækum ráðum. Árangursrík aðferð gegn meininu er að fræða um orsakir ofbeldis og afleiðingar þess ásamt því að setta verði gæðakröfur og þeim fylgt eftir á hinum ýsmu sviðum samfélagsins.

Fræðslan og krafan um ofbeldislaust umhverfi á ekki aðeins að ná til íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar heldur til umhverfisins alls. Það eitt að vita að einhver á ekki á hættu að verða fyrir ofbeldi eykur öryggi fólks og vellíðun. Mikilvægt er að hugsa um stóra sviðið. Af því leiðir að fræðslan verður að vera á breiðum grunni og ná til sem flestra, bæði gerenda um gjörðir þeirra og þolendur þeirra.

Samvinna skilar árangri

Gæðakröfur um fyrirmyndarstarf í íþrótt- og æskulýðsstarfi eins og komið er inn á í aðgerðaáætluninni er góð leið að markmiðinu. Verkefni ÍSÍ um fyrirmyndarfélag er gott verkefni sem nær til aðildarféлага samtakanna en þá eru eftir ýmis önnur starfsemi á vegum annarra samtaka í æskulýðsstarfi. UMFÍ hefur átt í góðu samstarfi við ÍSÍ að undanfögnu ásamt góðri reynslu af breiðu samstarfi í gegnum Æskulýðsvettvanginn þar sem UMFÍ, Landsbjörg, Skátarnir og KFUM&K vinna saman að málum sem snúa að öryggi barna í starfsemi samtakanna. Þá hefur UMFÍ átt mjög gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðherra og ráðuneyti í kjölfar #metoo byltingarinnar á

síðasta ári. UMFÍ hvetur því til samráðs á breiðum grundvelli hvort sem það er á meðal félagasamtaka eða á opinberum vettvangi, t.d. á milli ráðuneyta og sveitarfélaga.

Félagasamtök þurfa verkfæri - Rafræn skráning er mikilvæg

Í greinargerð þingsályktunarinnar er rætt um fagráð eineltismála fyrir öll skólastig og íþrótt- og æskulýðsstarf. UMFÍ fagnar þessum tillögum og vonar að þær gangi eftir. Þá er einnig mikilvægt að stjórnendur í starfinu fái verkfæri til þess að geta brugðist við og uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru. Aðgengi að upplýsingum er nauðsynlegt skref í aðgerðum gegn ofbeldi og afleiðingum. Það aðgengi þarf að vera einfalt og telur UMFÍ að rafrænar lausnir séu mikilvægar. Eitt dæmi um það er rafræn skráning sakavottorða. Stjórnendur félagasamtaka og víðar þurfa verkfæri sem gera það auðveldara að ráða hæft starfsfólk og draga úr líkum á ofbeldisverkum í hvaða mynd sem þau geta birst í starfi ungmenna- og æskulýðsfélaga. Okkur Íslendingum er tamt að bera okkur saman við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Starfsumhverfi stjórnenda í Danmörku er t.d. allt annað en það sem við þekkjum til hér á landi. Stjórnendur félagasamtaka geta farið á vef dönsku lögreglunnar og nálgast þar með einföldum hætti upplýsingar í tengslum umsóknir. Slóðin á upplýsingavef dönsku lögreglunnar er: <https://politi.dk/bestil/bestil-straffeattest> en þar er einnig stutt myndband sem sýnir hvernig ferlið virkar. UMFÍ óskar eftir því að sambærileg útfærsla verði tekin upp hér á landi. Með því móti verður mögulegt að hafa yfirsýn yfir málaflokkinn ásamt því að veita einföld og skilvirk verkfæri. Athygli er vakin á því að sömu forsendur varðandi persónuverndarmál eru í gildi í Danmörku og hér á landi.

Nokkur atriði sem mega betur fara

Á nokkrum stöðum í þingályktunartillögu ráðherra eru atriði sem hnykkja þarf betur á. Við tíundum þau hér:

A)

Í hluta II. lið 2 segir: *Að komið verði á markvissri fræðslu og forvörnum gegn hvers konar ofbeldi, einkum í skólakerfinu, á íþrótt- og æskulýðsvettvanginum, á vinnustöðum og í stafrænum heimi.*

Eins og áður segir er UMFÍ samstarfsaðili að ~~A~~æskulýðsvettvanginum, sem vinnur að þessum málum og er langt kominn með hönnun á rafrænu efni um fræðslu og forvarnir í ofbeldi í stafrænum heimi. Í liðnum mælum við frekar með að í stað orðsins **æskulýðsvettvangur** verði notað orðið **æskulýðsstarf** eða í íþrótt- og æskulýðshreyfingunni.

B)

Í hluta III. Í lið A.3., A.8. og A.9. er rætt um hlutaðeigandi stofnanir og samtök, þ.m.t. Fjölmenningssetur, íþrótt- og æskulýðsvettvang. Betur myndi í stað íþrótt- og æskulýðsvettvangs orða liðina skýrar og segja, ÍSÍ, UMFÍ, skátarnir, KFUM og KFUK og þess háttar auk þess að segja félagasamtök í stað orðsins samtök. Með því móti liggur skýrar fyrir hvaða félagiform er átt við.

Það sama á við um fleiri liði, svo sem B.5. þar sem rætt er um frjáls félagasamtök. Þar mætti bæta íþrótt- og æskulýðshreyfingunni við.


Öll betri

Stjórn og starfsfólk UMFÍ er reiðubúið til að leggja sitt af mörkum og vinna með stjórnvöld að því að vinna að því að innleiða aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Innan UMFÍ eru rúmlega 340 aðildarfélag sem sinna fjölbreyttu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Með samvinnu aðildarfélaga innan UMFÍ um allt land að einu marki er hægt að efla samstarf við stjórnvöld og stuðla að heilbrigðara samfélagi.

Að þessu sögðu erum við hjá UMFÍ tilbúin til samtals við stjórnvöld um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingu þess. Það hefur jákvæð áhrif og bætir lífsgæði landsmanna – mikilvægt er að grípa til aðgerða!

Virðingarfyllt,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
Framkvæmdastjóri UMFÍ